

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags leikskólakennara**

Netfundur haldinn föstudaginn 8. október 2018.

Á fundinum voru: Haraldur F. Gíslason, fyrir hönd Félags leikskólakennara. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Val leikskólakennara á menntunarákvæði.**

Samkvæmt upplýsingum frá Háskóla Íslands og fleiri aðilum er afgreiða gögn vegna vals leikskólakennara á menntunarákvæði gr. 10.4.1 skv. ákvörðun samstarfsnefndar aðila frá 3. júlí 2018, hefur orðið nokkur töf á afgreiðslu fyrirbyggjandi erinda frá leikskólakennurum.

**Niðurstaða:**

Til að bregðast við ofangreindum tögum á afhendingu gagna er samstarfsnefnd sammála um að þeir leikskólakennarar sem gera grein fyrir vali sínu fyrir 15. október n.k. og vilja fá viðbótarmenntun metna sbr. grein 10.4.1 fái menntunina metna frá 1. ágúst. ef námsferilsyfirlit/menntunargögn hafa borist vinnuveitanda fyrir 15. nóvember 2018.

**Nánar um framkvæmd á vali kennara á menntunarákvæði.**

Minnt er á að samkvæmt ákvörðun SNS eiga allir leikskólakennarar að gera grein fyrir vali sínu hvort sem þeir velja menntunarákvæði samkvæmt gr. 10.4.1, launatöflu A, eða gr. 10.4.1.1, launatöflu B. Mikilvægt er að leikskólakennarar skoði menntunargögn sín gaumgæfilega áður en þeir velja menntunarákvæði.

Þeir leikskólakennarar sem ekki gera grein fyrir vali sínu fyrir 15. október 2018 fá viðbótarlaun vegna menntunar áfram greidd samkvæmt eldra menntunarákvæði sbr. gr. 10.4.1.1 og launatöflu B.

Samstarfsnefnd vill áréttta að þeir leikskólakennarar sem velja að fá viðbótarlaun vegna menntunar samkvæmt eldra menntunarákvæði, sbr. gr. 10.4.1.1 og laun skv. launatöflu B, þurfa ekki að sækja gögn til viðkomandi háskóla eða skólstofnana nema í þeim tilfellum sem þeir telja að gögn sem máli skipta séu ekki til staðar hjá vinnuveitanda/launadeild.

Fleira ekki gert og fundi slitið.